

Líknardráp og sjálfsvígsgelgir Er sjálfseyðingardýrkun að skjóta rótum?

Bandaríski blaðamaðurinn, Celia Ingrid Farber, hefur skrifað athyglisverða grein; “Gildisbinding og dýrkun líknardráps” (The Normalization and Glorification Of Euthanasia), þar sem hún veltir fyrir sér, hvort líknardrápsdýrkun sé að ná fótfestu í vestrænum samfélögum og gæti jafnvel verið grein af því, sem hún kallar “covid-dauðatréð. Er þetta ættað frá Davosgenginu (Alheimsefnahagsráðinu) og fjölmiðlum þeirra. Ætli sköpuð verði líknardrápsréttindahreyfing? Þegar stór er spurt, verður einatt fátt um svör.

Líknardráp eru leyfð í Hollandi, Sviss, Belgíu og Kanada. Þegar lögin voru samþykkt í Hollandi árið 2002 voru 24 líflátnir. Á árabílinu 2002 til 2020 völdu 24.520 manns að deyja. Í þeim hópi voru 16 börn á aldrinum 12-17 ára.

Það vakti mikla athygli fyrir skemmstu, þegar rúmlega tvítug, belgísk kona, Shanti De Corte, bað um líknardráp, sökum óbærilegrar líðanar í kjölfar áfalls. Áður hafði hún margsinnis verið lögð inn á geðdeild, stórneytandi þunglyndislyfja.

Í fyrra voru 10.064 líflátnir í Kanada að eigin ósk. Tæpur fimmtungur þeirra vildi yfirgefa jarðvistina vegna einangrunar og einsemdar. Rúmlega fimmtugur karlmaður, sem misst hefur hús sitt, óskar að deyja, því hann vill ekki búa á götunni. Hann hefur sótt um líknardráp. Í kanadíska þinginu er nú til umræðu frumvarp, sem heimilar líknardráp á nýfæddum, alvarlega sjúkum börnum.

Í Sviss er læknum heimilt að leggja fólki lið við sjálfsvíg. Lækni þar í landi hefur hugkvæmst að hanna sjálfsvígsgelg, þ.e. fólk stingur höfðinu inn í belginn, hleypir inn eitruðum lofttegundum og fellur fljótlega í öngvit. Það hverfur síðan yfir móðuna miklu á tíu mínútum.

Það verður fróðlegt að sjá, hvort greinarhöfundur reynist að einhverju leyti sannspár. Sjálfs-, hóp- og múgsefjun er þekkt fyrirbæri, enda þótt ofangreind löggjöf sé óvígð fyrir hendi.

Það er óneitanlega þrengt að fjörinu. Tilskipanir stjórnvalda, meðan á síðasta faraldri stóð, voru augljóslega mannvondar að öllu leyti. Maður er manns gaman, segir hið fornkveðna. Sjálfsvald, atlot og tjáningarfrelsi er hluti þess, allt skammskert, að

tilskipun stjórnvalda. Fleirum en áður virðist þrautin þyngri að lifa. Þunglyndi er einn af algengustu sjúkdómum veraldar.

Flestir kannast væntanlega við sjálfsvígsfaraldur meðal drengja og svelti- og sjálfsmeiðingarfaraldur meðal stúlka. Nýjasti faraldurinn meðal barna – áberandi meðal stúlkna – er kynskipti. Tölvuleikjafíkn, einkum drengja, er kunn. Stjórnvöld og kvenfrelsunarhreyfingin hefur gefið út frjálst „veiðileyfi“ á pílta og karla. Ofbeldishegðun færir í vöxt, að því er virðist, sérstaklega meðal tætttra, heftra og föðurlausra drengja.

Það berast sífellt vondar niðurstöður rannsókna á geðheilsu barna og ungmenna. Varhugaverðri netnotkun sömuleiðis. Það er sérstaklega ískyggilegt, þegar börn og unglingar ánetjast dellu- og sefjunarkimum jafningja á netinu, stundum kallaðir bergmálshellar (echo chambers) eða sefjunarstofur. Þá verða þau fyrir gagngerum heilapvotti eins og ofboðsleg fjölgun kynskiptastúlkna ber vott um.

Stundum er slík sefjun leidd af hugmyndafræðilegum æðstapresti, líkt og í trúarsamfélagi. Ístöðulaus börn, einmanna og tætt, eru auðveld bráð svikafrelsurum og boðberum dauðans. Börn og unglingar virðast umvörpum vansæl með kyn sitt, hlutskipti og líf. Boðskapur yfirvalda og áróðurssamtaka er skýr; stúlkur eru látlaus kúgaðar af drengjum kynferðislega og á aðra lund. Drengir eru kynfól, stúlkur fórnarlömb.

Aukin heldur vofði yfir piltum vorum og stúlkum tilbúin alheimsdrepsótt. Hlýddu þau ekki ofurvaldi valdhafanna um einangrun og skaðlega grímunotkun, yllu þau dauða eða kvölum fjölskyldu sinnar. Fjöldi barna þjáist af margvislegum aukaverkunum bólusetninga við covid-19; einbeitingarskort, depurð, lífsleiða, óyndi, þróttleysi og höfuðverkjum. Covid-19 spekingarnir kalla ástandið löngu covid -19-sóttina. Það er langavitleysa. Nýjar drepsóttir eru í deiglunni. Æðstuprestar bólusetninga kunngera þær stöðugt.

Það vofir yfir börnum og unglungum (og okkur hinum) geryðingarstríð og umhverfishamfarir, sjálf ragnarök, eru rétt handan við hornið. Þessu klifa stjórnvöld og fjölmiðlar látlaust á. Vonda samviskan læðist inn hugann eins og vofa. „Skil ég eftir mig kolefnisspor.“ „Verður hamfarahlýnun, ef ég fæ mér hamborgara og leysi vind“?

Það er ólíft að vera stöðugt bitinn af samviskunni, lífið verður ógnarlega leiðinlegt og þreytandi. „Ætli besta lausnin sé að farga mér,“ spyrja börn sig og láta bergmála í hellinum. Þau geta sums staðar leitað til líknardrapsstöðva. Líknardráp eru orðin að gildum atvinnurekstri í Bandaríkjunum, rétt eins og kynskipti og fóstureyðingar. Ég held það heiti á máli innfæddra; „business before all.“

<https://metro.co.uk/2022/10/08/belgium-woman-23-euthanised-after-suffering-from-severe-ptsd-17527525/?ito=facebook%7Csocial%7Cmetroukfacebook&fbclid=IwAR2oFy-UnQ9HHTXueWaNHvwiWd2l5o4cZX-bq1TlXx3cAe2Q0JS6K5YNCBw>

<https://nationalpost.com/news/quebec-college-of-physicians-slammed-for-suggesting-maid-for-severely-ill-newborns>

<https://twitter.com/TPostMillennial/status/1582708189979721728?s=20>

<https://twitter.com/QuestionsinOnt1/status/1582432933121359872?s=20>

<https://www.swissinfo.ch/eng/sarco-suicide-capsule--passes-legal-review--in-switzerland/46966510>

<https://www.bbc.com/news/technology-59577162>

<https://cne.news/artikel/55-euthanasia-in-the-netherlands-its-neither-dignified-nor-beautiful>

<https://www.dutchnews.nl/news/2020/07/euthanasia-law-proposed-for-healthy-over-75s-who-feel-their-lives-are-complete/>

https://celiafarber.substack.com/p/the-normalization-and-glorification?utm_source=post-email-title&publication_id=257742&post_id=80688618&isFreemail=true&utm_medium=email